Grunnskóli Hornafjarðar

# Valhefti fyrir smiðjur og val í 9. og 10. bekk veturinn 2020 - 2021

Þetta valhefti er fyrir nemendur sem verða í 9. og 10. bekk næsta vetur. Eftir því sem nemendur eldast er lögð áhersla á að auka val í samræmi við þroska þeirra og getu. Þannig gefst nemendum kostur á að dýpka skilning sinn á ákveðnum viðfangsefnum um leið og þeir efla ábyrgð sína á eigin námi. Þeir og foreldrar þeirra eru því beðnir að kynna sér vel innihald bæklingsins.

Í 10. bekk geta nemendur ekki einungis valið milli smiðja heldur geta þeir sem hafa náð tilskildum árangri í ákveðnum bóklegum greinum einnig valið um að stunda bóklegt nám í FAS ef kennslan fer fram á smiðjutímum eða eftir skóla nemenda. Gerð er krafa um að nemendur sem velja bóklegt val í FAS hafi A meðaleinkunn í vor og lokið námsefni 10. bekkjar sé um grein að ræða sem kennd er á báðum skólastigum.

Ekki verður aukaakstur út af þessu vali í sveitir og þurfa foreldrar sjálfir að sjá um akstur sem af því hlýst.

## Smiðjur

Nemendum í 9. og 10. bekk gefst færi á að vera í sex smiðjutímum á viku. Hver smiðja stendur í 8 – 9 vikur og komast nemendur því í fjórar smiðjur yfir veturinn. Í boði er heimilisfræði, leiklist, myndmennt, smíðar, textílmennt, tölvur og Fab-Lab. Hér verða talin upp viðfangsefni í öllum þessum greinum og eru nemendur beðnir að velja **fjögur viðfangsefni sem þeir merkja númer eitt, fjögur sem þeir merkja númer tvö og fjögur sem þeir merkja númer þrjú**. Reynt er að láta fyrsta val ganga upp hjá öllum en hugsanlega gengur það ekki upp og því er hitt til vara. Það er mikilvægt að nemendur ígrundi val sitt vel og séu reiðubúnir að fara í allt sem þeir velja. **Athugið það má velja sömu smiðjuna oftar en einu sinni.**

# Heimilisfræði

***Bakstur – brauð og kökur***

Við munum læra að baka bæði brauð og kökur í þessari smiðju. Eitthvað gott, fljótlegt og einfalt.

***Léttir réttir***

Lögð verður áhersla á að útbúa létta og ferska rétti sem einfalt er að matreiða og eru léttir í maga.

***Allt í einum potti***

Í þessari smiðju verða eldaðir einfaldir og góðir réttir, sem hægt er að elda allt í einum potti eða á einni pönnu. Pottréttir, súpur og fleira.

***Fullt hús matar***
Hvort sem um er að ræða morgunmat, aðalrétti eða eftirrétti og kökur þá verður eggið stjarnan í þessari smiðju.

# Leiklist

***Frá handriti á svið***
Sett verður upp leikrit þar sem nemendur fara í alla þætti leikhúsvinnunnar. Þessa smiðju geta þeir valið sem hafa áhuga á tæknivinnu í leikhúsi, svo sem ljósum ofl. Sett verður upp leikrit úr smiðju Þjóðleiks. Unnið verður eftir skóla síðustu þrjár vikurnar. Leikritið verður frumsýnt og sýndar nokkrar sýningar.

***Trúðleikur***
Nemendur finna trúðinn í sjálfum sér. Allir eiga sinn innri trúð. Þeir sem velja þessa smiðju fara í grunnatriðin í trúðleik. Þar er leikurinn háður nokkrum reglum sem nemendur læra. Síðan eru búin til atriði sem farið verður með á leikskólana og sýnd þar eða verða flutt í Sindrabæ.

***Námsmat í leiklist***
Kennari metur nemendur bæði sem einstaklinga og hluta af hópnum. Hann metur hvernig nemandinn hlustar á aðra hópa og hvernig hann sem áhorfandi metur hvernig til hefur tekist. Nemendur meta eigið framlag: eigið verkefni, sjálfa sig sem hluta af hópi og nemendahópar meta sameiginlega vinnuna innan hópsins. Flestar matsaðferðir í leiklist eiga við á öllum stigum grunnskólans. Í lok smiðjunnar fá nemendur skjal sem staðfestir frammistöðu þeirra í leiklistinni.

# Myndlist

***Myndlist, listamenn, listaverk, listasaga, listaverkarán***
Alls konar fróðleikur um list og allt sem henni viðkemur. Við vinnum myndir og fræðumst í leiðinni. Listasagan kennir okkur alltaf eitthvað nýtt og gefur okkur hugmyndir að því sem okkur langar að prófa og gera sjálf. Verkefnin eru margvísleg og nemendur fá útrás fyrir sköpunarþörf sína við úrvinnslu verkefnanna. Teiknun, málun, grafík, leirmótun og fleira verður meðal þess sem verður gert í þessari smiðju. Nemendur safna verkefnum sínum í möppu og fara með heima að skólaárinu loknu. Engin skrifleg verkefni og enginn lestur.

***Jólasmiðja***
Í þessari smiðju verður blandað saman vinnu í textíl og myndmennt. Þannig verða tímarnir fjölbreyttir og skemmtilegir. Bæði getur verið um skylduverkefni að ræða og frjálst val.
Tímarnir verða nýttir í að búa til jólaskraut og jólagjafir. T.d. verður hægt að leira skálar, þæfa utan um jólaseríur, búa til dyrakrans/aðventukrans og sauma út jólamyndir, mála málverk og fleira spennandi sem nemendur geta valið sjálfir.

***Grafík, þrykk og fjölfelldi og pappírsgerð***
Hér er farið í margskonar myndlistarvinnu en aðaláherslan er á þrykk og pappírsgerð. Í grafíkinni eru verkefnin margvísleg t.d. er skorið út í dúk og myndir þrykktar á þann hátt, einnig er farið í annars konar fjölfelldi, t.d. límþrykk, pappaþrykk og einþrykk. Grunnþættir myndlistar fléttast eflaust í kennsluna svo og listasaga og stefnur og straumar í myndlist. Nemendur kynnast nýjum hlutum sem ekki hefur verið farið mikið í áður en aðaláherslan er á þrykk og grafíkaðferðir. Meðfram grafíkinni verður líka búinn til endurunninn pappír. Nemendur kynnast því sem þarf til að búa til pappír og fá að leika sér með að gera mismunandi pappír.

***Margskonar myndlist***
Þetta er tækifæri fyrir nemendur að fá að skapa sjálfir, vinna út frá eigin hugmyndum að myndverkum. Grunnþættir myndlistar eru hafðir í huga og nemendur fá útrás fyrir sköpunargleði sína. Unnið er með mismunandi miðla, s.s. málningu, blek, kol, blýant og fleira. Unnin eru bæði stýrð og frjáls verkefni.

# Smíðar

***Trésmíði 1***
Nemendur smíða hluti bæði eftir tilbúinni verklýsingu og vinnuteikningu og eftir eigin hugmyndum sem þau hanna og smíða frá grunni. Nemendur teikna hugmyndir og vinnuteikningu, gera verkáætlun og velja sjálf efni, samsetningar og yfirborðsmeðferð við hæfi. Lögð er áhersla á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.

***Málmsmíði***
Þar verður farið í undirstöðuatriði í málmsmíði og verða unnin ýmis verkefni tengt því t.d skeið, kökuspaði, skartgripir s.s hálsmen og nælur

***Trésmíði 2***
Áframhald frá trésmiði 1 en gerðar meiri kröfur um að nemendur komi með sínar eigin teikningar og hugmyndir af verkefnum sem þeir smíða frá grunni. Nemendur teikna hugmyndir og vinnuteikningu, gera verkáætlun og velja sjálf efni, samsetningar og yfirborðsmeðferð við hæfi. Lögð er mikil áhersla á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.

***Gamalt verður nýtt***
Í þessari smiðju verður unnið að lagfæringum á gömlu handverki sem farið er að sjá á og gert sem nýtt.

# Textílmennt

***Saumur og endurnýting***

Í upphafi smiðjunnar verður farið í nokkur verkefni sem tengjast fatabreytingum og endurnýtingu. Í framhaldi af því verður farið í fatasaum, þar sem nemendur læra að taka mál af eigin líkama og ákvarða stærðir, taka upp snið og hvernig saumavélin virkar. Það verða gerð ýmis verkefni, saumuð föt og fylgihlutir.

***Jólasmiðja***
Í þessari smiðju verður blandað saman vinnu í textíl og myndmennt. Þannig verða tímarnir fjölbreyttir og skemmtilegir. Bæði getur verið um skylduverkefni að ræða og frjálst val.

Tímarnir verða nýttir í að búa til jólaskraut og jólagjafir. T.d. verður hægt að leira skálar, þæfa utan um jólaseríur, búa til dyrakrans/aðventukrans og sauma út jólamyndir, mála málverk og fleira spennandi sem nemendur geta valið sjálfir.

***Útsaumur og hekl***
Í þessari smiðju læra nemendur nokkrar aðferðir hekls og útsaums, í framhaldi af því verður frjálst val á verkefnum með þessum aðferðum. Einnig verður farið í pappírsgerð í þessari smiðju.

***Prjón og þæfing***

Kenndar verða ýmsar aðferðir í prjóni og þæfingu, nemendur gera bæði skylduverkefni og valverkefni í smiðjunni. Þegar fer að vora munum við vinna að skemmtilegum verkefnum utan dyra.

# Tölvur

***Stuttmyndagerð 1***

Mismunandi æfingar í stuttmyndagerð, kvikmyndun og kvikmyndatöku, leik og eftirvinnslu. Ýmis verkefni unnin, sbr. ljóðskreyting, green screen, hljóð og mynd aðskilin, mismunandi sjónarhorn myndavélar, kvikmynd endurgerð, stop-motion, heimildarmynd, handritsvinna, stuttmynd og myndvinnsla fyrir birtingu á youtube. Unnið verður með hljóðeftirvinnslu í forriti eins og Garageband.

***Myndvinnsla og forritun.*** Námskeiðið er í tveimur hlutum. Í fyrri hluta námskeiðs er farið í grunnþætti stafrænnar myndvinnslu. Námskeiðið er ætlað þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í myndvinnslu með myndforrit eins og Gimp og/eða unnið með Photoshop. Í seinni hluta námskeiðsins læra nemendur grunnatriði leikjaforritunar, t.d. gegnum Sphero-kúlur, Scrats og Alice.

***Stuttmyndagerð 2***

Framhaldsnámskeið fyrir þá sem hafa verið í *Stuttmyndagerð.* Í námskeiðinu er lögð áhersla á fagleg vinnubrögð, sbr. handrit, söguramma (story-boarding), aðskilda upptöku á hljóði og mynd og farið í uppbyggingu lýsingar og unnið með mismundandi leikmuni og aukahluti sem tilheyra kvikmyndun (trakk og dolly). Námskeiðinu er ætlað að þjálfa nemendur í upptökum með mismunandi aðferðum. Unnið verður með hljóðeftirvinnslu í forriti eins og Garageband. Rýnt verður í hvernig hægt er að nýta snjalltæki-síma til þess að taka upp myndskeið og auka gæði upptökunnar.

# Fab-Lab

Námskeiðið byggist á því að nemendur geti nýtt sér helstu tæki og áhöld sem notuð eru í Fab-Lab. Geti þróað hugmyndir sínar sjálfstætt og undir leiðsögn kennara og nýti sér vinnuferlið frá hugmynd til afurðar með því að hanna og teikna og að lokum framleiða sína eigin afurð. Ítarlegar verður farið í alla hluti og nemendur vinna stærri verkefni en í 7. og 8. bekk.

FAB LAB

# Valhópar í 8. – 10. bekk

Einn 60 mínútna tími í viku verður ætlaður í val næsta vetur þar sem nemendur í 8. – 10. bekk munu blandast saman. Valtímabilin verða fjögur, tvö fyrir áramót og tvö eftir áramót. Sumt val er þess eðlis að það nær yfir tvö tímabil eða jafnvel fjögur. Hver nemandi á að velja sér tvo hópa númer 1, tvo númer 2 og tvo númer 3. Reynt verður að koma öllum í fyrsta val en reynslan sýnir að það er ekki alltaf hægt og því er mikilvægt að nemendur séu sáttir við allt sem þeir velja sér.

## 1. Danska



Viltu auka færni þína í dönsku? Viltu fræðast um danska menningu og siði? Viltu horfa á spennandi og góðar danskar myndir? Komdu þá í dönskuval það verður bara gaman.

## 2. Enska – creative writing

Námskeið á ensku fyrir þig sem hefur áhuga á skapandi skrifum og langar að þróa rithæfileika þína. Þættir námskeiðsins:

- Mismunandi flokkar bókmennta (Genres). Hvað gerir hryllingssögu góða? Hvað þættir eru mikilvægir þegar ég skrifa rómantíska sögu?
- Hugsa eins og rithöfundur
- Byggja upp raunverulegar persónur (Character development)
- Sögumaðurinn (Narrator)

Námsskeiðið er hægt að sérsmíða eftir þörfum og óskum þátttakenda. Námskeiðið fer fram á ensku. Þáttakendur skila verkefni og fá endurgjöf. Markmiðin eru að þjálfa ensku samhliða því að láta sköpunargáfuna og ímyndaraflið njóta sín.

## 3. Enska – The history of the United States

Námskeið á ensku fyrir þig sem langar að kynnast sögu Bandaríkjanna nánar. Við munum horfa á heimildarmyndir og gera tímalínu saman frá árinu 1565 til dagsins í dag. Þátttakendur velja sér áhugasvið sem þeir vilja dýpka kunnáttu sína í og kynna svo á þann hátt sem hentar þeim. Námskeiðið fer fram á ensku. Markmiðin eru að þjálfa ensku samhliða því að ná betri skilningi á atburðum sem settu mark sitt á Bandaríkin.

## 4. Sænska

Skulle du vilja lära dig att prata lite svenska? Myndir þú vilja læra að tala smá sænsku? Þetta byrjendanámskeið í sænsku getur nýst þér á ferðalögum á norðurlöndum eða seinna í námi eða vinnu. Áhersla er lögð á talað mál. Við vinnum með nokkur þemu:

- Kynningar, kveðjur
- Fjölskyldan mín, vinir, áhugamál
- Tölur, dagar, mánuðir
- Matur og veitingarhús
- Verslanir

Námskeiðið er hægt að sérsmíða eftir þörfum og óskum þátttakenda. Markmiðin eru að getað kynnt sig sjálfur, fjallað aðeins um sjálfan sig, fjölskyldu og áhugamál á sænsku, geta skilið og spurt algengra spurninga í verslunum og á veitingarhúsi.

## 5. Spænska

Quieres aprender español?
Langar þig til þess að læra spænsku. Á þessu námsskeiði verður boðið upp á grunn í spænsku sem gæti nýst ykkur bæði á ferðalögum og sem grunnur í áframhaldandi spænskunámi. Námið verður byggt upp á nokkrum meginþáttum eða þemum þar sem þið lærið orð, setningar út frá þessum þemum.
Þessi þemu eru;

- Kynningar og kveðjur
- Fjölskyldan og vinir / hvaðan kemur þú?
- Tölur og litir
- Dagar og mánuðir
- Matur og drykkur
- Verslanir og þjónusta

## 6. Heimavinna



Vantar þig aðstoð við heimanám? Langar þig að spjalla um heima og geima? Viltu reyna þig í stærðfræðispilum eða þrautum? Mælt er með því að þeir sem vilja fá ró og næði komi í þennan hóp. Þar verður nóg að gera en allt í rólegri kantinum.

## 7. Fingrasetning

Hér er farið í að æfa rétta fingrasetningu, læra stöðu bókstafa á lyklaborðinu til að æfa og bæta innsláttarhraða sinn án þess að þurfa að horfa á lyklaborðið.

## 8. Breakout - EDU

Breakout EDU er skemmtilegur leikur sem snýst um að brjótast inn í læsta kassa og leysa þrautir. Þessir þrautaleikir eru orðnir mjög vinsælir um allan heim í svokölluðum Escape herbergjum. Í þessu vali munum við spila leiki en líka það allra skemmtilegasta búa til nýjar þrautir fyrir aðra hópa að leysa.

## 9. Zumba

Heitasti danstíminn í dag þar sem stuð og dillandi stemmning er allsráðandi. Tími fyrir alla sem elska að dansa þar sem gleymir þér algjörlega í og þú lærir fullt af dönsum.

## 10. Myndmennt

Í þessu vali verður farið í að mála eftir formum sem hægt er að sjá í nágrenninu. Farið verður í vettvangsferð um bæinn og teknar myndir. Myndirnar eru síðan skoðaðar og fundin form til að mála eftir.

## 11. Konfektgerð

Farið er í grunnþætti konfektgerðar, gerð fyllinga og steypingu í konfektform. Nemendur búa til sína eigin mola og fá að taka með sér heim.

## 12. Kökur og kökuskreytingar

Nemendur læra að baka bæði kökur og bollakökur og síðan skreyta þeir þær með smjörkremi og sykurmassa.

## 13. Kósýstundir í textílstofu

Unnið verður með efnivið úr textílstofunni og þar sem jólin nálgast hefur það eflaust áhrif á verkefnagerð.

## 14. Skólahreysti

Æft verður fyrir skólahreysti sem haldin er á Egilsstöðum árlega. Mikið þrek, armbeygjur, upphífingar, dýfur og hreystigrip.

## 15. Badminton

Íþróttin þar sem notaður er spaði og fjaðrabolti ber alþjóðlega heitir badminton. Markmiðið er að kenna börnum og unglingum undirstöðuatriði í badminton. Lögð er áhersla á tæknikennslu og kennslu í leikfræði og reglum.

## 16. Spilaval

Í valinu kynnumst við ýmiskonar borðspilum sem spiluð eru í smærri og stærri hópum. Spil eins og Kaleidos, Village-Varúlfaspil, Apple and apple, Catan, Dixit, Suspend, Fiasko, Carrgassone, Ticket to ride, Sequense o.fl. sambærileg spil. Við kynnumst spilunum og reglum sem fylgja hverju spili fyrir sig.

## 17. Golf

Þetta val er fyrir þá sem vilja læra golf eða verða betri í golfi. Staða, grip, sveifla og fleira kennt og æft. Þetta val verður einungis kennt á fyrra tímabilinu og þeir sem velja það verða sjálfir að koma með golfsettið.

## 18. Hjólaval

Farið verður yfir nauðsynlegan búnað sem tengist hjólreiðum og útivist og farið verður bæði í styttri og lengri ferðir. Skilyrði að nemendur eigi reiðhjól og hjálm.

## 19. Veður (út í veður og vind)



Farið verður yfir nokkur hugtök í veðurfræði, rætt um veður og vinda. Mikilvægi þess að geta skilið veðurfréttir fyrir okkur sem búum á Íslandi.

## 20. Plöntur

Í þessu vali gefst nemendum færi á að njóta og upplifa blóm og plöntur. Þau gera plöntusafn og margt annað skemmtilegt.

## 21. Svefn

Í þessu vali fjöllum við um svefn. Hvað er svefn og af hverju er hann svona mikilvægur? Hvað er nú verið að rannsaka í kringum svefn og erum við sammála því? Sefur þú nógu vel og hvað getum við gert til að bæta svefn okkar?

## 22. Hlutverkaleikur – gefum ímyndunaraflinu lausan tauminn

Nemendur fá að kynnast nýjustu útgáfu hlutverkaspilsins Dungeons and Dragons (5. útgáfa). Nemendur læra að skapa sína eigin persónu út frá reglum leiksins, velja sér útlit, hæfileika, hlutverk og ákveða svo bakgrunn persónunnar. Þegar persónur eru fullskapaðar er hægt að hefja leikinn sem snýst um að leikmenn sýni samstöðu og leysi ákveðin verkefni í sögu sem getur tekið óvænta stefnu. Eina sem nemendur þurfa að hafa með sér er góða skapið og vilja til að skapa og taka þátt í ævintýri þar sem álfar, dvergar, drekar og alls kyns ófreskjur geta komið við sögu.

## 23. Kátakot

Finnst þér gaman að vera með börnum? Kanntu skemmtilega leiki, bæði inni og úti sem þú gætir kennt og farið í með yngri börnum? Í Kátakoti eru börn í 1.-4. bekk sem langar mikið að fara í leiki með eldri krökkum. Þetta val gæti verið á öðrum dögum en fimmtudögum og þá verið frá kl. 14:30-16:00 en þá fellur fimmtudagstíminn niður í staðinn. Ef þetta er eitthvað fyrir þig skaltu endilega skrá þig í þetta val

# Val fyrir 10. bekk í FAS

**ENSKA 1. áfangi - Lestur, hlustun, orðaforði - kennt fyrir áramót**
Lestur almennra og sérhæfðra texta sem ekki eru einfaldaðir. Unnið með orðabók þar sem það á við. Aukin áhersla á að nemendur tjái sig frjálst og óbundið. Markvissar hlustunaræfingar. Áhersla lögð á að byggja upp og auka við hagnýtan orðaforða með margvíslegum æfingum á öllum færnisviðum. Enskt talmál æft, m.a. í tengslum við les- og hlustunarefni. Í skriflega þættinum er gerð krafa um flóknari setningaskipan, nákvæmari orðaforða og skipulegri framsetningu en í fyrri áfanga.

Til að geta valið þennan áfanga þurfa nemendur að hafa náð A í meðaleinkunn við lok 9. bekkjar. Framhaldsáfangi er kenndur eftir áramót. Enskan verður einungis í boði fyrir nemendur ef kennslan fer fram á smiðjutímum eða eftir skóla nemenda.

**ÞÝSKA 1. áfangi - Framburður og orðaforði - kennt fyrir áramót**
Í upphafi verða kynnt nokkur meginatriði um þýskumælandi lönd (svo sem lega, stærð og íbúafjöldi), helstu samskipti milli þeirra og Íslands (t.d. verslun, ferðamennska og framhaldsnám) og skyldleiki íslensku og þýsku. Síðan er unnið með einfalda texta sem tengjast reynsluheimi nemendanna. Lögð er megináhersla á þjálfun framburðar, uppbyggingu og notkun orðaforða um nánasta umhverfi, munnlega og skriflega tjáningu, hlustun og grunnatriði málfræðinnar sem nauðsynleg eru til að mynda einfaldar aðalsetningar og spurningar.

Til að geta valið þennan áfanga þurfa nemendur að hafa náð A í meðaleinkunn við lok 9. bekkjar. Þýskan verður einungis í boði fyrir nemendur ef kennslan fer fram á smiðjutímum eða eftir skóla nemenda. Framhaldsáfangi verður kenndur eftir áramót.

**DANSKA 1. áfangi - Skilningur, tjáning, menning II - kennt eftir áramót**

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur geti skilið inntak ritmáls- og talmálstexta sem fjalla um nokkuð sérhæft efni sem þeir þekkja til eða hafa áhuga á. Nemendur eru þjálfaðir í að nota algeng orð og orðasambönd í ræðu og riti. Talþjálfun miðar að því að nemendur læri að orða hugsanir sínar skýrt og skilmerkilega í samtölum og frásögnum. Nemendur eru þjálfaðir í að beita mismunandi stílbrögðum við ritun texta.

Til að geta valið þennan áfanga þurfa nemendur að hafa náð A í meðaleinkunn við lok 9. bekkjar. Danskan verður einungis í boði fyrir nemendur ef kennslan fer fram á smiðjutímum eða eftir skóla nemenda.

Ekki verður aukaakstur út af þessu vali í sveitir og þurfa foreldrar sjálfir að sjá um akstur sem af því hlýst.

# Smiðjur

Hér á  eftir verða talin upp viðfangsefni í smiðjum, alls 22 viðfangsefni. Hver nemandi er beðinn um að velja fjögur viðfangsefni sem hann á að merkja númer eitt,  fjögur númer tvö og fjögur númer þrjú og dreifa því jafnt yfir árið.
Reynt er að láta fyrsta val ganga upp hjá öllum en oft gengur það ekki upp og því þarf að hafa hitt til vara. Því er mikilvægt að nemendur vandi valið og séu reiðubúnir að standa við það. Athugið, það má velja sömu greinina á öllum tímabilum t.d. smíðar ef áhugi er á því.

## Smiðjuval

| **Fyrir áramót** | | **Eftir áramót** | |
|---|---|---|---|
| **1. Heimilisfræði** | | | |
| Bakstur- brauð og kökur | ( ) | Allt í einum potti | ( ) |
| Léttir réttir | ( ) | Fullt hús matar | ( ) |
| **2. Leiklist** | | | |
| | | Frá handriti á svið | ( ) |
| | | Trúðleikur | ( ) |
| **3. Myndlist** | | | |
| Myndlist, listamenn…. | ( ) | Grafík, þrykk og fjölfelldi… | ( ) |
| Jólasmiðja | ( ) | Margskonar myndlist | ( ) |
| **4. Smíðar** | | | |
| Trésmíði 1 | ( ) | Trésmíði 2 | ( ) |
| Málmsmíði | ( ) | Gamalt verður nýtt | ( ) |
| **5. Textílmennt** | | | |
| Saumur og endurnýting | ( ) | Útsaumur og hekl | ( ) |
| Jólasmiðja | ( ) | Prjón og þæfing | ( ) |
| **6. Tölvur** | | | |
| Stuttmyndagerð 1 | ( ) | Stuttmyndagerð 2 | ( ) |
| Myndvinnsla og forritun | ( ) | | |
| **7. Fab-Lab** | **( )** | | |

# Valblað

Nafn:_____ bekkur:_____

**Val fyrir 10. bekk í FAS**

| | | |
|---|---|---|
| ENSKA 1. áfangi | Lestur, hlustun, orðaforði | ( ) |
| ÞÝSKA 1. áfangi | Framburður og orðaforði | ( ) |
| DANSKA 1. áfangi | Skilningur, tjáning, menning | ( ) |

**Valhópur**
Nú átt þú að velja þér valhópa fram að jólum. Þú átt að velja fyrir tvö tímabil þannig að þú þarft að velja 1 tvisvar sinnum, 2 tvisvar og 3 tvisvar sinnum. Reynt er að koma sem flestum í 1. val en ef það tekst ekki þá er notað 2. eða 3. val.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Danska | ( ) | Kósýstundir í textíl | ( ) |
| Enska- creative wr | ( ) | Skólahreysti | ( ) |
| Enska - history | ( ) | Badminton | ( ) |
| Sænska | ( ) | Spilaval | ( ) |
| Spænska | ( ) | Golf | ( ) |
| Heimavinna | ( ) | Hjólaval | ( ) |
| Fingrasetning | ( ) | Veður | ( ) |
| Breakout EDU | ( ) | Plöntur | ( ) |
| Zumba | ( ) | Svefn | ( ) |
| Myndmennt | ( ) | Hlutverkaleikur | ( ) |
| Konfektgerð | ( ) | Kátakot | |
| Kökur og kökuskreyting | ( ) | | |

**Ath.** Við skólasetningu verður þér gefinn kostur á að sjá í hvaða vali þú hefur lent. Ef þér þykir eitthvað athugavert við það mátt þú koma með foreldrum þínum og ræða breytingar. **Eftir það verður ekki hægt að breyta.**

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi valið þá vinsamlegast hafið samband við Eygló.

## Vinsamlegast skilið valblaðinu fyrir 20. maí 2020